

Aðalfundur Ungmennafélagsins Aftureldingar  
haldinn í Íþróttamiðstöðinni Varmá  
fimmtudaginn 25. mars 2010 kl. 20.00

**Dagskrá:**

- 1. Fundarsetning**  
Jón Pálsson, formaður Aftureldingar bauð gesti velkomna og var þar næst gengið til dagskrár.
- 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara**  
Fundarstjóri var kosinn Guðmundur Pétursson  
Fundarritari var Arna Harðardóttir  
-Samþykkt með lófataki.
- 3. Ársskýrsla formanns Aftureldingar árið 2009**  
Formaður kynnti ársskýrslu ársins.  
-Ársskýrslan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með handauppréttingu.
- 4. Ársreikningar 2009**  
Gjaldkeri félagsins Hilmar Stefánsson fór yfir reikninga félagsins.  
Athugasemd gerð við áritun reikninga BUR í knattspyrnudeild. Vísað til aðalfundar knattspyrnudeildar.  
-Þeir bornir upp til atkvæðagreiðslu og samþykktir með handauppréttingu.
- 5. Fjárhagsáætlun 2010**  
Gjaldkeri félagsins, Hilmar Stefánsson, fór yfir fjárhagsáætlun 2010.  
-Áætlunin borin upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt með handauppréttingu.
- 6. Nýjar reglugerðir**  
Formaður kynnir nýjar reglugerðir.
  - A. Reglugerð um skipan fjármála deilda og félagsins**
    1. Grein.  
Aðalstjórn fer með allt bókhald og fjárreiður félagsins og allra deilda þess í samráði við gjaldkera hverrar deildar. Skrifstofa félagsins sér til þess að tekjur og útgjöld fari samkvæmt áætlunum og hefur heimild til þess að grípa inn í fjárreiður ef frávik verða umfram heimildir eða ef stefnir í vanskil á forgangskröfum.
    2. Grein.  
Rekstur allra deilda félagsins verður færður á eina kennitölu í samræmi við samábyrgð deild á rekstri félagsins og ábyrgð aðalstjórnar á rekstri og fjárreiðum allra deilda.
    3. Grein.  
Til reksturs á skrifstofu aðalstjórnar er ráðstafað hluta af framlagi Mosfellsbæjar til félagsins og öðrum tekjum, sem kunna að hafast af starfsemi þess. Um hlutdeild aðalskrifstofu í tekjum félagsins er ákvarðað á aðalfundi ár hvert í samræmi við hlutverk aðalskrifstofu og umfang rekstrar hennar eins og það er ákveðið og áætlað hvert ár í rekstraráætlun félagsins.
    4. Grein

Til tryggingar á fjárskuldbindingum deilda, sem aðalstjórn kann að þurfa að yfirtaka skal myndaður varasjóður með hluta af framlögum Mosfellsbæjar eða öðrum tekjum, og skal aðalstjórn heimilað að lána deildum fé án vaxta til lausnar fjárhagsvanda, sem upp kann að koma. Um umfang varasjóðs skal ákveðið í rekstraráætlun hvers árs og samþykkt af aðalfundi en miðað er við að unnt verði að bregðast við áföllum, sem deildir kunna að verða fyrir og skaðað geti starfsemi þeirra, annarra deilda eða félagsins og varðað ábyrgðir forsvarsmanna félagsins, s.s. um ræðir ef vörsluskattskuld myndast.

5. Grein

Ábyrgð deilda á eigin fjármálum er í engu skert við setningu reglugerðar þessarrar.

6. Grein

Reglugerð þessi tekur gildi á aðalfundi félagsins 25. mars 2010.

Áætlunin borin upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt með handauppréttingu (27 með og 2 á móti).

**B. Reglugerð um siðanefnd og siðareglur**

1. Grein.

Siðanefnd skal vera skipuð einum fulltrúa tilnefndum af aðalstjórn, einum fulltrúa tilnefndum af deildum og einum fulltrúa tilnefndum af starfsmönnum félagsins. Siðanefnd er kosin á aðalfundi félagsins til eins árs í senn.

2. Grein.

Félagið skal setja sér siðareglur, sem fjalla um gagnkvæm samskipti sjálfboðaliða, starfsmanna og foreldra við iðkendur félagsins og þá fyrirmynd, sem félagið vill að leiðtogar þess séu ungum iðkendum. Siðanefnd sér um að semja og viðhalda siðareglum félagsins og skulu þær lagðar fyrir formannafund eða aðalfund til samþykkis og kynntar á heimasíðu félagsins og með útgáfu bæklinga.

3. Grein.

Siðanefndin setur skýra stefnu og framkvæmdaráætlun um móttöku og afgreiðslu kvartana er varða brot á siðareglum.

4. Grein

Kvörtunum, sem að félaginu beinast vegna brota á siðareglum eða atriða, er varða siðareglur félagsins eða samskipti og framkomu starfsmanna eða sjálfboðaliða í garð iðkenda eða annarra aðila, skal vísað til siðanefndar. Siðanefnd skal úrskurða um slík mál hið fyrsta, eigi síðar en innan 2-4ra vikna og kynna niðurstöðu sína fyrir aðalstjórn og eftir atvikum viðkomandi aðilum.

5. Grein

Reglugerð þessi tekur gildi á aðalfundi félagsins 25. mars 2010.

Áætlunin borin upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt með handauppréttingu (33 með, enginn á móti).

**7. Kosningar**

*Kosning formanns.* Sitjandi formaður Jón Pálsson gaf kost á sér áfram og komu engin mótframboð. Jón því kjörinn formaður áfram og var því fagnað með lófataki.

*Framboð til stjórnar til tveggja ára:* Sævar Kristinsson og Helga Jóhannesdóttir kjörin og því fagnað með lófataki.

*Framboð varamanns til tveggja ára:* Guðjón Helgason kjörin og því fagnað með lófataki.

*Framboð til skoðunarmanna reikninga aðalstjórnar:* Valdimar L. Friðriksson og Eva Magnúsdóttir kjörin og því fagnað með lófataki.

*Framboð til skoðunarmanna reikninga deilda:* Valdimar L. Friðriksson kosin og því fagnað með lófataki.

*Kosning í síðanefnd:* Hilmar Stefánsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Gyða Árný Helgadóttir kosin og því fagnað með lófataki.

## Önnur mál:

- **Heiðursviðurkenningar**

- **Bronsmerki**

- Ólafur Thoroddsen, badmintondeild
    - Ólafur Ingi Óskarsson, frjálsíþróttadeild
    - Elín Reynisdóttir, handboltadeild
    - Andrea Magdalena Jónsdóttir, karatedeild
    - Halldóra Björnsdóttir, knattspyrnudeild
    - Ragnar Stefánsson, sunddeild
    - Hildur Karen Sigurbjörnsdóttir, sunddeild
    - Sveinbjörg Davíðsdóttir, handboltadeild
    - Anna Margrét Arnardóttir, fimleikadeild
    - Garðar Skarphéðinsson, knattspyrnudeild

- **Silfurmerki**

- Jón Pálsson, formaður Aftureldingar
    - Gústav Gústavsson, knattspyrnudeild
    - Halla Heimisdóttir, fimleikadeild
    - Guðjón Helgason, handboltadeild
    - Einar Magnússon, handboltadeild

- **Gullmerki**

- Hallur Birgisson, knattspyrnudeild

- **Úthlutun úr minningasjóði og afrekssjóði**

- Minningarsjóður Guðfinnu Júlíusdóttur og Ágústínu Jónsdóttur

- Fimleikadeild kr. 312.702
    - Knattspyrnudeild kr. 106.200
    - Karatedeild kr. 15.000

- Afrekssjóður Mosfellsbæjar og Aftureldingar

- Hlynur Chadwick G. kr.50.000
    - Afreksráð Aftureldingar kr. 500.000
    - Kristján Helgi Carasco kr. 50.000

- **Erna Reynisdóttir** þakkar fyrir samstarfið í aðalstjórn. Hún bendir á álagið á skrifstofu félagsins, á framkvæmdastjóra félagsins og ítrekar þörfina fyrir íþróttastjóra. Auglýsir eftir Aftureldingar hjartanu þar sem ekki skiptir máli úr hvað deild við komum heldur að við vinnum öll saman.

- **Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri**, óskar formanni og nýrri stjórn til hamingju með kosningu. Rifjar upp afmælisgjöfina sem Mosfellsbær ætlaði sér að gefa félaginu á afmælisárinu, aukna félagsaðstöðu við íþróttamiðstöðina að Varmá. Aðstæður í þjóðfélaginu hafa verið þannig að ekki hafi verið hægt að fara af stað í framkvæmdir. Ítrekar að ekki hefur verið hætt við framkvæmdir um er að ræða seinkun. Hrósar Aftureldingu m.a. fyrir

ársreikninga félagsins, afreksíþróttamanna starfið og íþróttafjörrið. Segir frá því að bæjarráð hafa fyrir um daginn tekið fyrir beiðni Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og Aftureldingar um stofnun íþróttakademíu í Mosfellsbæ. Einnig var ákveðið að íþrótt- og tómsbundanefnd bæjarins muni vinna með Aftureldingu um að félagið komi meira að skipulagningu íþróttatíma í mannavirkjum félagsins.

- **Sævar Kristinsson, varaformaður Aftureldingar**, segir frá punktum úr stefnumótun Aftureldingar. Stefnt að því að hún verði tilbúin í maí 2010.
- **Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK** þakkar fyrir góða skýrslu og gott samstarf. Útskýrir hvernig upphaf að gerð siðareglunum kom til. Minnir á afrekssjóði UMSK og víðar. Hvetur til stofnunar á deild eldri borgara innan Aftureldingar.
- **Hafsteinn Pálsson** óskar félaginu til hamingju með skýrsluna og nýjar reglugerðir. Kemur með hugmynd að því að þegar einstaklingar eru komnir á ákveðin aldur geti þeir gerst ævifélagar með því að greiða ákveðið gjald. Önnur hugmynd er að reyna fá einstaklinga til að styrkja félagið mánaðarlega um ákveðna greiðslu.

Formaður slítur fundi kl. 21.30

### **Veitingar í boði aðalstjórnar**

Prentuð gögn á aðalfundi:

Ársskýrsla Aftureldingar 2009 (bæklingur)

Siðareglur Aftureldingar

Reglugerð um skipan fjármála deilda og félagsins

Reglugerð um siðanefnd og siðareglur